



Áskorun til stjórnvalda í tilefni af **Degi barnsins**

# BARNAFÁTÆKT ER BRÖT Á MANNRÉTTINDUM BARNNA

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hvetja stjórnvöld til að forgangsraða í þágu barna. Á Íslandi eiga 12.000 börn á hættu að búa við fátækt eða félagslega einangrun. Þessar aðstæður koma í veg fyrir að börn njóti réttinda sinna, takmarka möguleika þeirra á að þroska hæfileika eða fá tækifæri til að öðlast þá færni og getu sem þarf til að brjótast út úr fátækt - og þar með stuðla að velferð samfélagsins. Öll börn eiga rétt á að lifa og þroskast og nota hæfileika sína. Velferðarkerfið er helsta tæki jöfnunar og félagslegs réttlætis fyrir börn.

**Við skorum á stjórnvöld að:**

ALLAR ÁÆTLANIR SEM VARÐA BÖRN OG MIÐA AÐ ÞVÍ AÐ ÚTRÝMA FÁTÆKT OG FÉLAGSLEGRI EINANGRUN BYGGIST Á RÉTTINDUM SEM ÖLL BÖRN EIGA AÐ NJÓTA, OG Á SKILNINGI Á STÖÐU ÞEIRRA OG ÞÖRFUM.

TRYGGJA VIÐUNANDI FRAMFÆRSLU FYRIR ALLAR BARNAFJÖLSKYLDUR.

TRYGGJA GJALDFRJÁLSA GAEDAMENNTUN FYRIR ÖLL BÖRN OG STYRKJA LEIKSKÓLAMENNTUN FYRIR UNG BÖRN.

MINNKA BROTTFALL ÚR SKÓLUM MEÐ AÐGERÐUM SEM VIRKA.

TRYGGJA AÐGANG ALLRA BARNNA AÐ TÓMSTUNDUM, LISTUM OG SKEMMTUNUM. MARKA ÞARF STEFNU UM TÓMSTUNDIR.

STYRKJA VELFERÐARKERFIÐ ÁSAMT BEINUM INNGRIPUM FYRIR ÞAU BÖRN SEM ÞESS ÞURFA.

TRYGGJA AÐ BÖRN FÁI TÆKIFÆRI TIL AÐ VERA ÞÁTTTAKENDUR Í ÖLLUM ÁKVÖRÐUNUM ER ÞAU VARÐA, SVO SEM VIÐ STEFNUMÓTUN HJÁ STJÓRNVÖLDUM.

AÐ FJÁRFESTA Í BÖRNUM ÆTTI AÐ VERA MEGINREGLA Í FJÁRLAGAGERÐ Á ÖLLUM STJÓRNSÝSLUSTIGUM, ÞAR SEM FJÁRFESTINGIN MUN SKILA SÉR TIL ALLS SAMFÉLAGSINS Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ. ÞVÍ Á EKKI AÐ LÍTA Á FJÁRMAGN Í ÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN SEM ÚTGJÖLD.

Undanfarin ár hefur verið mikill niðurskurður á þjónustu við börn. Það hefur bitnað á þeim börnum sem síst skyldi. Íslenskt samfélag getur ekki skorast undan því að horfast í augu við barnafátækt og aukinn ójöfnuð barna á Íslandi. Það verður að vera þjóðarsátt um að útrýma fátækt og að tryggja að öll börn á Íslandi geti lifað með reisn, fái að þroskast og nýta hæfileika sína.



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi